

# ÁRSSKÝRSLA 2016



**SSNV**

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

## STARFSMENN SSNV 2016



**Björn Líndal Traustason**  
framkvæmdastjóri



**Katharina Ruppel**  
Skrifstofu- og bókhaldsstörf



**Davíð Jóhannsson**  
Atvinnuráðgjafi/ferðamál



**Magnús Bjarni Baldursson**  
atvinnuráðgjafi



**Ingibergur Guðmundsson**  
verkefnastjóri



**Sólveig Olga Sigurðardóttir**  
atvinnuráðgjafi



**Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**  
atvinnuráðgjafi



## STJÓRN SSNV 2016-2018

**Stefán Vagn Stefánsson**, Sveitarfélagið Skagafjörður - formaður

**Adolf H. Berndsen**, Sveitarfélagið Skagaströnd

**Sigríður Svavarsdóttir**, Sveitarfélagið Skagafjörður

**Unnur Valborg Hilmarsdóttir**, Húnaþing vestra

**Valgarður Hilmarsson**, Blönduós

## Efnisyfirlit

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2016.....	4
ÍBÚAKÖNNUN Á NORÐURLANDI VESTRA .....	9
ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA .....	10
ATVINNUUPPBYGGING Í AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU .....	11
SSNV ATVINNUÞRÓUN .....	12
MENNINGARSTEFNA SVEITARFÉLAGANNA Á NORÐURLANDI VESTRA .....	14
ALMENNINGSSAMGÖNGUR .....	15
SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR.....	16
SVEITARSTJÓRNARVETTVANGUR EFTA.....	17
ÁRSPING SSNV.....	18
GREINARGERÐ ÚTHLUTUNARNEFNDAR UPPBYGGINGARSJÓÐS .....	19



Ljósmynd: Óli Arnar Brynjarsson

## SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2016

Árið 2016 var að mörgu leyti viðburðaríkt í starfi samtakanna. Í upphafi árs var auglýst eftir umsóknum um styrki Uppbyggingarsjóðs og var það ferli allt lærdómsríkt fyrir þá sem að því komu. Þann 1. apríl var síðan úthlutunarhátið Uppbyggingarsjóðs en um úthlutunina er fjallað síðar í þessari skýrslu.

Samstarf SSNV og Markaðsstofu Norðurlands var endurnýjað með samstarfssamningi, dags. 11. mars og einnig var endurnýjaður samningur við ferðamálafélög landshlutans sama dag. Markmið beggja þessara samninga er að efla ferðaþjónustuna í landshlutanum.

Í maí efndi Byggðastofnun til kynnisferðar til Skotlands og var atvinnuþróunarfélögum boðið að senda fulltrúa. Þrír starfsmenn SSNV fóru í þá ferð. Meðal annars var fræðst um það hvernig Skotum hefur tekist að snúa við fólksfækkun í hálöndum Skotlands. Þar hika menn ekki við að leggja fram háar fjárhæðir til byggðamála og hafa aðgerðir þar skilað mjög góðum árangri.

SSNV gerði tvo samninga á árinu við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti í tengslum við vinnu Norðvesturnefndarinnar. Annar samningurinn er þriggja ára samningur, 2016-2018, um stofnun Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs en honum er ætlað að styðja við atvinnuuppbyggingu ungs fólks í landshlutanum og verður úthlutað fjármunum úr þeim sjóði á árinu 2017 og 2018. Hitt verkefnið lýtur að verkfræðilegri og viðskiptalegri greiningu á atvinnuuppbyggingu í Austur-Húnavatnssýslu með hafnsækna starfsemi í huga. Það landfræðilega svæði sem skilgreint er liggur frá Blönduósi til Skagastrandar og eru Hafursstaðir innan þess svæðis en eins og kunnugt er hafa verið uppi hugmyndir um iðnaðaruppbyggingu þar. Gert er ráð fyrir að vinna við þetta verkefni hefjist á vordögum 2017.



Ljósmynd: Róbert Daníel Jónsson

Nýr starfsmaður var ráðinn á árinu, Magnús Bjarni Baldursson, sérfræðingur í markaðsmálum, var ráðinn í tvö verkefni. Annarsvegar til að vinna áhersluverkefni Sóknaráætlunar vegna ársins 2015 og hinsvegar til að vinna verkefni sem ákveðið var að ráðast í á ársþingi 2015 og snýr að markaðs- og kynningarmálum landshlutans. Áhersluverkefninu er lokið en fjallað verður um það síðar í skýrslunni. Vinna við markaðs- og kynningarátakið hófst í árslok 2016.

24. ársþing SSNV var haldið á Sauðárkróki þann 21. október og mættu sveitarstjórnarmenn vel að venju. Nánar er fjallað um ársþingið síðar í þessari skýrslu.

Stjórn SSNV hélt alls 12 fundi á árinu 2016 og eru fundargerðir stjórnarfunda aðgengilegar á heimasíðu samtakanna.

Stjórn SSNV þakkar starfsmönnum, sveitarstjórnarmönnum og öðrum, sem hafa komið að starfi samtakanna á árinu, fyrir ánægjulegt samstarf og væntir þess að starfsemi samtakanna verði íbúum landshlutans til heilla.



Ljósmynd: Seal Travel

## SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA 2015-2019

Árið 2016 er annað árið af fimm ára samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Nokkur festa er að komast á framkvæmdina en þó er enn verið að slípa ýmsa þætti er tengjast henni. Framlag ríkisins til samningsins jókst lítillega milli ára en betur má ef duga skal.

### MARKMIÐ SÓKNARÁÆTLUNARINNAR

Samkvæmt 1. grein samningsins er markmið hans: „að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna“.

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um að gerð sé sóknaráætlun til 5 ára sem sé jafnframt þróunaráætlun landshlutans.

Áætlunin skal ná til fjögurra efnisflokka; a) menningarmála, b) nýsköpunar og atvinnuþróunar, c) uppbyggingu mannaúts og d) lýðfræðilegrar þróunar svæðisins. Sóknaráætlunin skal í það minnsta byggja á: a) greiningu á stöðu svæðisins, b) stefnumótandi áherslum Samráðsvettvangs og c) svæðisskipulagi þar sem það liggur fyrir.

Segja má að Sóknaráætluninni sé skipt í þrennt: a) Sóknaráætlun landshlutans, b) Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra sem hefur svipað hlutverk og fyrrum menningar- og vaxtarsamningar, þ.e. að útdeila styrkjum til verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar og nýsköpunar og c) Áhersluverkefni sem hafa „beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangsins“.



Ljósmynd: Óli Arnar Brynjarsson

## STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS

Samkvæmt samningi um sóknaráætlun Norðurlands vestra felur ríkisvaldið stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, eftirlit og umsýslu með samningnum. Í stýrihópnum sitja fulltrúar allra ráðuneytanna.

Sóknaráætlun landshlutans, tillögur um áhersluverkefni hvers árs og verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs þurfa staðfestingu stýrihópsins. Þá þarf að skila greinargerð um framkvæmd samningsins á hverju ári.

Á árinu 2016 voru tveir formlegir fundir haldnir með fulltrúum stýrihópsins; 11. apríl og 30. nóvember. Auk þess voru töluverð samskipti við starfsmann stýrihópsins um framkvæmd sóknaráætlunarinnar.

## SAMRÁÐSVETTANGUR

Í tengslum við gerð Sóknaráætlunarinnar skal skipa Samráðsvettvang Norðurlands vestra með sem breiðustum aðgangi heimamanna og skal vettvangurinn koma að gerð Sóknaráætlunarinnar og funda jafnframt a.m.k. árlega um áherslur hans.

Á árinu 2016 voru haldnir tveir fundir samráðsvettvangsins. Efni fundanna var sem hér segir:

26. apríl 2016.

- a) Byggðaáætlun 2017-2023 – fulltrúi Byggðastofnunar kynnir undirbúning áætlunarinnar
- b) Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 – framvinda og áherslur

4. október 2016.

- a) Byggðaáætlun 2017-2023 – fulltrúar Byggðastofnunar gera grein fyrir undirbúningi áætlunarinnar

## FJÁRMAGN

Samkvæmt fjárlögum er fjármagn frá ríkinu til samningsins árið 2016 alls 70.464.093 kr. Þá er framlag sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. og vaxtatekjur 1.421.661 kr. Alls eru þetta 79.304.754 kr.

Stjórn SSSNV ákvað að skipting fjárens árið 2016 yrði sem hér segir: a) Uppbyggingarsjóður 64.000.000 kr., sem skiptist jafnt milli menningarmála og atvinnuþróunar og nýsköpunar b) áhersluverkefni 10.000.000 kr. og c) umsýsla 5.304.754 kr.





Ljósmynd: Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

## UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Umsóknarfrestur fyrir árið 2016 rann út 15. febrúar 2016. Úthlutun styrkja fór fram 1. apríl.

### ÁHERSLUVERKEFNI 2015

Áhersluverkefni ársins 2015 var aðeins eitt. „Að styrkja starfsemi frumkvöðla og sprotafyrirtækja á Norðurlandi vestra með auknu átaki í markaðssetningu á vörum þeirra og þjónustu.“ Til þessa átaks voru veittar 10 millj. kr.

Stjórn SSNV réði Magnús Bjarna Baldursson til þess að sjá um framkvæmd verkefnisins. Hóf hann störf í aprílbyrjun 2016 og var meðal fyrstu þátta verkefnisins að halda námskeið í markaðsmálum á Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd og Sauðárkróki sem opin voru íbúum Norðurlands vestra. Námskeiðin voru mjög vel sótt. Þá hefur það einnig verið mikilvægur þáttur starfs hans við atvinnuráðgjöf að liðsinna frumkvöðlum, einyrkjum, sprotum og starfandi fyrirtækjum í markaðs- og kynningarmálum.

Fjölmargir aðilar hafa leitað eftir ráðgjöf í þessu skyni þar sem áhersla er lögð á markaðsmál, kynningarmál, vörubrún, boðmiðlun og áætlanagerð.

### ÁHERSLUVERKEFNI 2016

Áhersluverkefni ársins 2016 voru ákveðin að undangengnum fundi Samráðsvettvangsins, 26. apríl 2016. Áhersluverkefnin eru sex.

1. Svæðisleiðsögn á Norðurlandi vestra
2. Aukið samstarf listamanna/listamiðstöðva og fræðslustofnana á Norðurlandi vestra
3. Listaskóli unga fólksins
4. Raunvísindaskólinn
5. Kortlagning skapandi greina
6. Íbúakönnun á Norðurlandi vestra

Alls var fjármagn til þessara verkefna 10 millj. kr. Verkefnin eru komin mislangt af stað en gert er ráð fyrir að öllum verkefnum ljúki á árinu 2017.



Ljósmynd: Óli Arnar Brynjarsson

## ÍBÚAKÖNNUN Á NORÐURLANDI VESTRA

Á árinu var gerð könnun meðal íbúa landshlutans þar sem spurt var um ýmsa þætti er snúa að búsetu- og atvinnumálum. Könnunin var eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árið 2016. Könnunin var gerð í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Samtök sveitarfélaga á Reykjanesi. Lagt var upp með að flestar spurningarnar væru eins í þessum könnunum með það að markmiði að hægt væri að bera saman svör úr landshlutunum.

Könnunin var send á um 1500 íbúa landshlutans og barst 941 svar. Könnunin leiddi m.a. í ljós að íbúar eru almennt ánægðir með þjónustu sveitarfélaga og leggja mikið upp úr þeim lífsgæðum sem felast í nálægð við náttúruna. Hinsvegar finnst íbúum mikilvægt að þættir, eins og aðgengi að háhraðaneti, gsm samband og vegasamgöngur, þurfi lagfæringar við.

Helstu niðurstöður könnunarinnar má nálgast á slóðinni:

<http://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/ibuakonnun2016>



| Ljósmynd: Óli Arnar Brynjarsson

## ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Í september 2016 var undirritaður samningur milli SSNV og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Norðurlands vestra. Samningurinn er til þriggja ára og er framlag ríkisins til sjóðsins 10 milljónir króna á ári. Sérstaklega er horft til mikilvægis þess að byggja upp nýjar þekkingargreinar sem byggja á styrkleikum svæðisins og hæfa ungu, vel menntuðu fólki.

### MARKMIÐ SAMNINGSINS ERU:

- a) Til verði ný störf í þekkingargreinum.
- b) Ungu fólki verði gert kleift að hasla sér völl í atvinnulífi á Norðurlandi vestra, t.d. með stofnun eigin fyrirtækja.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar SSNV var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki í þennan nýja sjóð. Stjórnin ákvað einnig að eftirfarandi reglur myndu gilda: Umsækjendur geta verið einstaklingar á Norðurlandi vestra sem eru 35 ára og yngri. Hver styrkur er að lágmarki 2 milljónir króna. Þá var ákveðið að úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs sæju um úthlutun styrkjanna og reglur þess sjóðs giltu eftir því sem hægt væri.



Ljósmynd: Róbert Daníel Jónsson

## ATVINNUUPPBYGGING Í AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU

Þann 16. desember var undirritaður samningur milli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um mat á uppbyggingu nýrrar iðnaðarstarfsemi í Austur-Húnavatnssýslu. Samningurinn byggir m.a. á ályktun Alþingis sem samþykkt var 15. janúar 2014 og greinargerð verkefnisstjórnar sem gefin var út í maí 2015.

Um er að ræða 30 milljón króna framlag sem skiptist á tvö ár og er það tvíþætt. Annars vegar er um að ræða verkfræðilega greiningu á aðstæðum og innviðum sem þjónað geta uppbyggingu og rekstri iðnaðar. Hins vegar er viðskiptaleg greining á iðnaðarkostum sem gætu hentað svæðinu, gerð kynningarefnis og beinar kynningar fyrir fjárfestum.

Gert er ráð fyrir að fyrri hluti verkefnisins verði boðinn út í byrjun árs 2017 og að vinna við seinni hluta verkefnisins hefjist í síðasta lagi í ársbyrjun 2018.

Samningurinn tekur mið af mikilvægi þess að til verði fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu sem nýti eftir kostum fyrirliggjandi innviði. Horft er bæði til þess að um gæti verið að ræða uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stærri iðnaðarstarfsemi.


## SSNV ATVINNUÞRÓUN

Á árinu 2016 var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Verkefnið sem um ræðir fela í sér fjölbreytta ráðgjöf við frumkvöðla, fyrirtæki, félög og stofnanir. Starf SSNV atvinnuþróunar miðar að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á Norðurlandi vestra við þróun viðskiptahugmynda, stofnun fyrirtækja og rekstrarráðgjöf.

Töluverður hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við gerð áætlaða og umsókna til hvers kyns sjóða og lánastofnana. Þá hefur einnig vaxið eftirspurn eftir ýmiss konar aðstoð við markaðs- og kynningarstarf.

Alls unnu atvinnuráðgjafar SSNV að 86 verkefnum á árinu og hér til hliðar má sjá hvernig verkefnið skiptast niður í flokka eftir viðfangsefnum og tíma.

Langmest var óskað eftir þjónustu atvinnuráðgjafa í ferða- og veitingaþjónustu, eða 62%, og hefur sá flokkur stækkað verulega undanfarin ár í takt við fjölgun ferðamanna. Til samanburðar má nefna að árið 2011 féllu 27% verkefna í þennan flokk en 48% árið 2014.



Ljósmyndir: Infinity Blue, Handbendi Brúðuleikhús, Samrækt Laugarmýri

Oft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknar-áætlunar eru að verulegu leyti atvinnuþróun/ráðgjöf. Algengt er að um sömu viðskiptavini sé að ræða og gjarnan með sama verkefnið. Þess má geta að á árinu úthlutaði Uppbyggingarsjóður sóknaráætlunar um 85% af þeim fjármunum, sem hann hafði til ráðstöfunar, til atvinnutengdra verkefna.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna í sjóðinn og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar sátu einnig fræðslunámskeið sem Sigurður Steingrímsson, starfsmaður Nýsköpunarmiðstöðvar, sá um. Á námskeiðinu, sem skipt var niður í 6 þætti og tók alls um 25 klst., var farið í fjölmörg atriði er snúa að þjónustu við viðskiptavini atvinnuþróunarfélaga. Má þar t.d. nefna:

- a) Handleiðsla og vinna með frumkvöðlum
- b) Notkun á tækjum og tólum Nýsköpunarmiðstöðvar
- c) Ritun umsókna í smærri sjóði
- d) Stoðkerfi eða stuðningskerfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki
- e) Gerð viðskiptaáætlana - áætlanagerðarlíkan
- f) Fjármál



Ljósmyndir: Huldahunang, Kokkhús, Natural Bones Design, Pure Natura



Ljósmynd: Ingibergur Guðmundsson

## MENNINGARSTEFNA SVEITARFÉLAGANNA Á NORÐURLANDI VESTRA

Á ársþingi SSNV, haustið 2015, var samþykkt að skipa nefnd til að endurskoða menningarstefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra en stefnan var að grunni til lítið breytt frá árinu 2005. Ein af ástæðum endurskoðunarinnar var sú að búið var að leggja niður Menningarráð Norðurlands vestra sem hafði umtalsvert vægi í menningarstefnunni.

Í endurskoðunarnefndina voru kjörin: Sigríður Sigurðardóttir, formaður, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Halldór G. Ólafsson, Jóhanna E. Pálmadóttir og Unnur Valborg Hilmarsdóttir. Ingibergur Guðmundsson, starfsmaður SSNV, starfaði með nefndinni.

Nefndin hélt alls fimm fundi á tímabilinu janúar-maí 2016 og lauk störfum með því að senda tillögu um endurskoðaða menningarstefnu til stjórnar SSNV. Tillagan var síðan send til sveitarfélaganna til skoðunar en síðan samþykkt óbreytt á ársþingi SSNV, haustið 2016.

Menningarstefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra er að finna á heimasíðu SSNV.



Ljósmynd: Óli Arnar Brynjarsson

## ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Frá árinu 2011 hefur SSNV haldið utan um almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra. Með samningi við Vegagerðina tók SSNV yfir rekstur þess hluta leiðarinnar frá Reykjavík til Akureyrar (leið 57) sem heyrir til Norðurlandi vestra. Auk þessarar leiðar hefur SSNV með höndum þær leiðir sem fæða leið 57 en þær eru frá Hvammstanga að Norðurbraut, frá Skagaströnd að Blönduósi og frá Hofsósi að Hólum og á Sauðárkrók.

Samstarf hefur verið um rekstur leiðar 57 milli SSNV, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) og hefur SSV haft umsýslu og uppgjör leiðar 57 á höndum en SSNV hefur séð um hinar leiðirnar. Unnið hefur verið að því að færa rekstur almenningssamgangna í kjördæminu inn í sérstakt félag og hefur fengið samþykki fyrir því hjá verkkaupa, Vegagerðinni. Gert er ráð fyrir að það verði klárað á árinu 2017.

Ljóst er að hér er um mikilvæga þjónustu að ræða sem íbúar hafa nýtt ágætlega. Farþegafjöldi og afkoma almenningssamgangna í landinu hefur þó ekki verið með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í upphafi og fór farþegum fækkandi á árinu 2016. Sérleyfi það, sem samningurinn byggir m.a. á, hefur ekki haldið og ekki eru viðurlög við því að sérleyfið sé brotið. Því sjá sumir sér leik á borði og aka á þessum leiðum yfir sumartímann en það er sá tími sem í raun hefur haldið uppi afkomu almenningssamgangna í landshlutanum.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um fólksflutninga og farmflutninga á landi. SSNV og önnur landshlutasamtök, ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hafa sent inn umsagnir um frumvarpið. Verði tekið tillit til athugasemda SSNV og annarra rekstraraðila almenningssamgangna standa vonir til þess að tryggja megi rekstrargrunn almenningssamgangna betur en nú er gert og yrði þá möguleiki á því að þróa betur almenningssamgöngurnar innan landshlutans.

Almenningssamgöngur eru íbúum Norðurlands vestra mikilvægar enda hefur þjónustan verið ágætlega nýtt, til mikilla hagsbóta fyrir íbúa landshlutans og bætt þar búsetuskilyrði. Það er því afar mikilvægt að tryggja almenningssamgöngur í sessi og að haldið verði áfram að þróa og bæta kerfið.





Ljósmynd: SealTravel

## SAMSTARF Á VETTVANGI FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Á árinu var haldið áfram með samstarfsvettvang ferðaþjónustunnar á Norðurlandi sem settur var á laggirnar árið 2014. Hér leggur SSNV til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann með fagráði ferðaþjónustunnar, sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði. Starfinu sinnir Davíð Jóhannsson.

Með verkefninu er leitast við að; a) skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, b) skjóta sterkari stöðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra, c) greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra, d) styðja við vöruþróun og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Starf ráðgjafans kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum sem sprottin eru á öðrum vettvangi, auk þess sem hann er tengiliður á milli sveitastjórna, stjórnsýslunnar og greinarinnar sjálfar.

Af einstökum verkefnum, sem voru fyrirferðamikil á árinu, má nefna utanumhald um samstarf vegna Fuglastígsverkefnisins, undirbúning náms í svæðisleiðsögn, þátttöku í vinnuhópi um skipulagningu upplýsingaveitu á landsvísi og skipulagningu kynningarferðar fyrir ferðasöluaðila úr Reykjavík um svæðið.



Ljósmynd: Róbert Daníel Jónsson

## SVEITARSTJÓRNARVETTANGUR EFTA

Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES/EFTA ríkjum gagnvart ESB. Í honum eiga sæti tólf kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Noregi og Íslandi, sex frá hvoru landi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands. SSNV tók þátt í starfi Sveitarstjórnarvettvangs EFTA frá 2014 til 2016. Adolf H. Berndsen, formaður SSNV, var fulltrúi landshlutasamtakanna.

Vettvangurinn fundaði í þrettánda sinn í Stykkishólmi 6.-7. júní 2016. Unnur Valborg Hilmarsdóttir, varaformaður SSNV, sat fundinn í forföllum formanns.

Helstu umfjöllunarefni vettvangsins að þessu sinni voru áhrif stefnumótunar ESB um hringrásarhagkerfið á sveitarstjórnarstigið í EES/EFTA löndunum og nýtt styrkjarímabil 2014-2021 fyrir EES uppbyggingarsjóðina. Einnig var fjallað um fyrirhugaðan fríverslunarsamning ESB og Bandaríkjanna (TTIP), samningaviðræður um fjölþjóðlegan samning um þjónustuviðskipti (TiSA) og flóttamannavandann í Evrópu.



Ljósmynd: Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

## ÁRSÞING SSNV

24. ársþing SSNV var haldið á Sauðárkróki 21. október í boði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Fyrir þinginu lá ársskýrsla SSNV fyrir árið 2015. Gestir þingsins voru Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis.

Atvinnumál og byggðapróun var aðalþema þingsins og framsögumenn þar voru: Hjalti Jóhannesson, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri en erindi hans nefndist „Stóriðja á Austurlandi og lýðfræðileg þróun á rekstrartíma“ og Berglind Hallgrímsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem kynnti „Verkefni Nýsköpunarmiðstöðvar, atvinnuþróun og nýsköpun“.

Á þinginu voru gerðar nokkrar breytingar á samþykktum og þingsköpum SSNV og ný menningarstefna sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra var samþykkt. Einnig voru samþykktar fjölmargar ályktanir er snerta flest svið búsetu og mannlífs á svæðinu.

Ný stjórn og varastjórn SSNV var kosin á þinginu til tveggja ára, einnig var kosið í endurskoðunarnefnd SSNV og úthlutunarnefnd og fagrað Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra til tveggja ára.

Að þingstörfum loknum bauð Sveitarfélagið Skagafjörður til óvissuferðar um Sauðárkrók og síðan var hátíðarkvöldverður á Kaffi Krók.



Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

Ljósmynd: Ingibergur Guðmundsson

## GREINARGERÐ ÚTHLUTUNARNEFNDAR UPPBYGGINGARSJÓÐS

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Hér á eftir fylgir því stutt yfirlit yfir starfsemina á árinu 2016.

### STARFSREGLUR ÚTHLUTUNARNEFNDAR OG FAGRÁÐA UPPBYGGINGARSJÓÐS

Á ársþingi SSNV, 16. október 2015, voru samþykktar starfsreglur fyrir úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs. Reglurnar er að finna á heimasíðu SSNV.

### KJÖR Í ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐ UPPBYGGINGARSJÓÐS

Á ársþingi SSNV, 21. október 2016, fór fram kjör í úthlutunarnefnd og fagráð til tveggja ára:

#### **Úthlutunarnefnd:**

Lárus Ægir Guðmundsson, formaður, Ingileif Oddsdóttir, Viggó Jónsson, Leó Örn Þorleifsson og Jóhanna Magnúsdóttir.


#### **Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar:**

Leó Örn Þorleifsson, formaður, Elín Aradóttir, Gunnsteinn Björnsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Hólmfríður Sveinsdóttir.

#### **Fagráð menningar:**

Jóhanna Magnúsdóttir, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Guðmundur Haukur Sigurðsson og Magnús B. Jónsson.

Fundargerðir úthlutunarnefndar og fagráða er að finna á heimasíðu SSNV.



Ljósmyndir: Norðanatt.is, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, Ingibergur Guðmundsson

## UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

### ÚTHLUTUN 2016:

Á fundi stjórnar SSNV, 12. janúar 2016, voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2016. Því næst var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 15. febrúar. Dreifibréf var sent inn á öll heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra, auglýst var í sjónvarpsvísunum á svæðinu, í héraðsfréttablaðinu Feyki og á rafrænu svæðismiðlunum; feykir.is; huni.is; nordanatt.is. Þá var reglulega minnt á úthlutunina á svæðismiðlunum en einnig voru vinnustofur á svæðinu auglýstar sérstaklega. Auk þessa voru ýmsir svæðispóstlistar notaðir til að auglýsa og minna á umsóknarfrestinn.

Alls bárust 145 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmunum 200 milljónum í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði 17 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo sínar tillögur fyrir úthlutunarnefnd. Á fundum úthlutunarnefndar, 10. og 14. mars, ákvað nefndin að úthluta 93 styrkjum til 77 aðila, alls að upphæð 69.400.000 kr.

Styrkirnir skiptust sem hér segir: a) 9 styrkir voru veittir í stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningarmála að upphæð 13,8 millj. kr. b) 59 styrkir var veittur til menningarverkefna að upphæð 22.600.000 kr. c) 25 styrkir voru veittir til atvinnuþróunar og nýsköpunar að upphæð 33 millj. kr.

Formleg úthlutun styrkja fór fram í félagsheimilinu Ljósheimum, Skagafirði, 1. apríl, að viðstöddum hátt í 100 manns, styrkþegum, forsvarsmönnum SSNV og fleirum.

Listi yfir styrkhafa og önnur atriði er snerta úthlutun styrkja er á heimasíðu SSNV.



Ljósmynd: Óli Arnar Brynjarsson

## ÚTHLUTUN 2017

Á fundi stjórnar SSNV, 27. september 2016, voru samþykktar verklags- og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2017. Auglýst var eftir umsóknum í lok október með umsóknarfresti til og með 29. nóvember 2016.

Alls bárust 107 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 135 millj. kr. í styrki. Úthlutunarnefnd vísaði 6 umsóknum frá vegna formgalla en aðrar umsóknir fóru til umfjöllunar í fagráðunum og voru þar til umfjöllunar í lok árs 2016.

## ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Í lok október 2016 var auglýst eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti til og með 29. nóvember. Alls bárust 7 umsóknir. Þremur umsóknum var vísað frá vegna formgalla en hinum fjórum vísað til fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar til umfjöllunar.

Samtök sveitarfélaga  
á Norðurlandi vestra  
Ársreikningur 2016

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra  
Höfðabraut 6  
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9



# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---


Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 23.296 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 100.498 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 7/3 2017.

Stjórn:

  
Stjórnir Ólafur  
Frjálf. Þorvaldur  
Jón V. Haraldsson  
Halldór Helmarsson  
Sigríður Hauksdóttir

Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissa en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 7 / 3 2017.

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	Áætlun	2015
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlag ríkissjóðs .....		142.986.709	111.118.902	118.341.336
Framlag sveitarfélaga .....		31.168.325	31.119.000	31.173.061
Framlag v. almenningsgangna .....		26.294.383	24.500.000	25.193.404
Pátttaka annarra í rekstri SSNV .....		1.127.540	0	1.175.000
Aðrar tekjur .....		536.422	1.700.000	2.115.761
		<u>202.113.379</u>	<u>168.437.902</u>	<u>177.998.562</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	2	70.456.264	54.718.625	53.283.605
Kostnaður vegna almenningsgangna .....		22.434.973	24.500.000	21.817.691
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar .....		950.255	10.000.000	13.659.990
Markaðs- og kynningarátak .....		0	25.000.000	0
Styrkveitingar .....		63.237.800	60.000.000	60.625.001
Stjórnunarkostnaður .....		27.660.974	22.189.277	31.674.300
		<u>184.740.266</u>	<u>196.407.902</u>	<u>181.060.587</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b> .....		17.373.113	( 27.970.000)	( 3.062.025)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Vaxtatekjur .....		7.472.630	3.900.000	5.295.806
Fjármagnstekjuskattur .....		( 1.491.309)	( 780.000)	( 1.048.565)
Vaxtagjöld .....		( 58.677)	( 150.000)	( 118.343)
		<u>5.922.644</u>	<u>2.970.000</u>	<u>4.128.898</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b> .....	3	<u>23.295.757</u>	<u>( 25.000.000)</u>	<u>1.066.873</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Eignir</b>			
Eignarhlutir í félögum .....	1d	46.500	46.500
Fastafjármunir samtals		<u>46.500</u>	<u>46.500</u>
Krafa á tengda aðila .....		0	215.482
Viðskiptakröfur .....		21.256.038	9.440.292
Aðrar kröfur .....		146.069	212.556
Handbært fé .....		125.612.555	210.028.492
Veltufjármunir samtals		<u>147.014.662</u>	<u>219.896.822</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>147.061.162</u>	<u>219.943.322</u>
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningur .....		100.498.296	142.452.197
Eigið fé samtals	3	<u>100.498.296</u>	<u>142.452.197</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður .....		5.196.485	4.214.773
Skuld við tengda aðila .....		1.928.291	1.928.293
Ógreiddir styrkir .....		34.893.590	69.342.219
Áunnið orlof .....		4.544.500	2.005.840
Skammtímaskuldir samtals		<u>46.562.866</u>	<u>77.491.125</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>147.061.162</u>	<u>219.943.322</u>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða ársins .....	3	23.295.757	1.066.873
Veltufé frá rekstri		23.295.757	1.066.873
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, breyting .....	(	11.533.777)	61.158.067
Skammtímaskuldir, breyting .....	(	30.928.259)	( 45.513.828)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	42.462.036)	15.644.239
Handbært fé (til) frá rekstri	(	19.166.279)	16.711.112
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Útborgun til eigenda vegna uppgjors SFNV .....	4	( 65.249.658)	0
Fjármögnunarhreyfingar	(	65.249.658)	0
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	(	84.415.937)	16.711.112
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		210.028.492	193.317.380
<b>Handbært fé í lok ársins</b> .....		125.612.555	210.028.492

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## b. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## c. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSVN fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

## d. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. SSVN á eignarhlut í Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra að fjárhæð 46.500 kr.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	2015
Laun .....	49.579.723	43.347.838
Stjórnarlausn .....	6.541.124	4.762.329
Launatengd gjöld .....	11.722.706	9.579.628
Áfallið orlof, breyting .....	2.538.660	2.005.840
Annar starfsmannakostnaður .....	74.051	413.517
Starfslokagreiðslur, gjaldfærðar 2014 .....	0	( 6.825.547)
	<u>70.456.264</u>	<u>53.283.605</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	6,3	5,5

## 3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	142.452.197
Útborgun til eigenda vegna uppgjörs SFNV .....	( 65.249.658)
Rekstrarniðurstaða ársins .....	23.295.757
Staða 31.12.2016 .....	<u>100.498.296</u>

## 4. Önnur mál

Á árunum 2014 og 2015 voru málefni fatlaðs fólks í sérstöku félagi, Rætus bs., fyrir þann tíma voru þau málefni innan SSVN undir heitinu SFNV. Á árinu 2016 lauk starfsemi SFNV með því að eigið fé var greitt til hlutaðeigandi sveitarfélaga, samtals nam greiðslan til sveitarfélaganna 65,3 millj. kr.

# Sundurliðanir rekstrarreiknings

	SSNV	Atvinnubrúun	Sóknaráætlun Uppb. sjóður	Millifærslur	2016	2015
<b>Rekstrartekjur:</b>						
Framlag ríkissjóðs	25.816.227	23.736.338	93.434.144	0	142.986.709	118.341.336
Framlag sveitarfélaga	3.749.328	19.999.997	7.419.000	0	31.168.325	31.173.061
Framlag v. almenningsamgangna	26.294.383	0	0	0	26.294.383	25.193.404
Pátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV	4.400.000	0	0	( 4.400.000)	0	0
Pátttaka annarra í rekstri SSNV	1.127.540	0	0	0	1.127.540	1.175.000
Aðrar tekjur	288.522	245.900	2.000	0	536.422	2.115.761
	61.676.000	43.982.235	100.855.144	( 4.400.000)	202.113.379	177.998.562
					168.437.902	
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður:</b>						
Laun	13.561.647	29.643.076	6.375.000	0	49.579.723	43.347.838
Laun stjórnar	4.397.882	0	2.143.242	0	6.541.124	4.762.329
Móttframlag í lífeyrissjóð	2.113.785	3.158.518	832.257	0	6.104.560	4.661.220
Tryggingagjald	1.526.306	2.335.238	695.154	0	4.556.698	4.060.425
Stéttarfélagsgjöld	99.075	748.581	213.792	0	1.061.448	1.128.750
Afallið orlof, breyting	970.201	987.010	581.449	0	2.538.660	2.005.840
Annar starfsmannakostnaður	74.051	0	0	0	74.051	413.517
Starfslokagreiðslur, gjaldfærðar 2014	0	0	0	0	0	( 6.825.547)
	22.742.947	36.872.423	10.840.894	0	70.456.264	53.283.605
					54.718.625	
<b>Önnur gjöld í rekstrarreikningi:</b>						
Kostnaður vegna almenningsamgangna	22.434.973	0	0	0	22.434.973	21.817.691
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar	0	0	950.255	0	950.255	13.659.990
Markaðs- og kynningarátak	0	0	0	0	0	0
Styrkveitingar	0	0	63.237.800	0	63.237.800	60.625.001
	22.434.973	0	64.188.055	0	86.623.028	96.102.682
					119.500.000	



# Sundurlíðanir rekstrarreiknings

## Stjórnunarkostnaður:

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun	Millifærslur	2015	2016	Áætlun	2015
Bifreiðastyrkur	1.330.230	0	413.820	0	1.744.050	1.744.050	1.000.000	1.439.892
Dagpeningar	1.157.954	314.075	0	0	1.472.029	1.472.029	1.750.000	2.341.309
Kostnaður vegna verkefna	3.565.000	15.000	36.000	0	3.616.000	3.616.000	3.700.000	4.051.417
Bifreiðakostnaður	1.704.496	2.183.274	941.934	0	4.829.704	4.829.704	3.300.000	3.654.029
Húsaleiga	877.850	286.132	13.731	0	1.177.713	1.177.713	1.650.000	2.410.744
Sameign, ræsting og viðhald	312.398	343.212	49.148	0	704.758	704.758	600.000	799.905
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði SSNV	0	4.400.000	0	( 4.400.000)	0	0	0	0
Sérfræðiaðstoð	1.925.130	75.000	552.349	0	2.552.479	2.552.479	1.100.000	3.206.901
Rekstur tölvakerfis og netþjónusta	2.354.782	352.830	494.070	0	3.201.682	3.201.682	2.600.000	4.216.953
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	481.040	229.748	348.640	0	1.059.428	1.059.428	200.000	624.282
Simi og áskriftargjöld	762.426	833.028	156.505	0	1.751.959	1.751.959	1.500.000	2.356.610
Pappír, prentun og ritföng	279.040	87.973	76.942	0	443.955	443.955	380.000	439.495
Skrifstofubúnaður og viðhald skrifstofubúnaðar	0	0	0	0	0	0	0	85.824
Kostnaður við ársskýrslu	0	0	0	0	0	0	0	358.155
Póstburðargjöld	35.624	2.689	119.037	0	157.350	157.350	125.000	100.409
Auglýsingar	417.126	124.968	623.148	0	1.165.242	1.165.242	750.000	1.341.006
Fundur, námskeið og ferðakostnaður	1.476.442	1.023.364	587.218	0	3.087.024	3.087.024	2.250.000	3.665.202
Abyrgðartryggingar	177.383	0	0	0	177.383	177.383	200.000	171.176
Bækur, tímarit og bið	40.883	4.950	0	0	45.833	45.833	50.000	59.549
Styrkir og framiög	180.013	0	0	0	180.013	180.013	200.000	138.753
Annar kostnaður	294.372	0	0	0	294.372	294.372	834.277	212.689
	17.372.189	10.276.243	4.412.542	( 4.400.000)	27.660.974	27.660.974	22.189.277	31.674.300
<b>Rekstrarmiðurstæða fyrir fjármagnsliði</b>	( 874.109)	( 3.166.431)	21.413.653	0	17.373.113	17.373.113	( 27.970.000)	( 3.062.025)